

Reykjavík – fjölmenningsborg barna

Greinargerð vinnuhóps menntaráðs um málefni barna af erlendum uppruna í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Greinargerð

Inngangur

Vinnuhópurinn var skipaður með starfstíma frá desember 2006 til maí 2007 skv. erindisbréfi (*sjá fylgiskjal 1, erindisbréf*).

Hlutverk vinnuhópsins var að fjalla um stöðu barna af erlendum uppruna í grunnskólum Reykjavíkur og gera tillögur um úrbætur. Í vinnuhópnum sátu Þorgerður L. Diðriksdóttir, fulltrúi Kennarafélags Reykjavíkur, Þorsteinn Hjartarson, fulltrúi Skólastjórafélags Reykjavíkur, Lilja D. Alfreðsdóttir (B) varaformaður menntaráðs, Marta Guðjónsdóttir (D) frá menntaráði, Oddný Sturludóttir (S) frá menntaráði, Bergþóra Valsdóttir framkvæmdastjóri Sambands foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur. Starfsmenn vinnuhópsins voru tveir: Guðlaug Teitsdóttir og Hrund Logadóttir.

Helstu verkefni hópsins voru að:

- Gera tillögur um úrbætur í þjónustu við börn af erlendum uppruna.
- Safna saman skilgreiningum á hugtökum sem lögð eru til grundvallar í umræðunni um málefni innflytjenda og beita sér fyrir samræmingu í þeim efnum.
- Skoða fyrirliggjandi kannanir og rannsóknir á stöðu og gengi innflytjenda í grunnskólum og gera tillögur um frekari athuganir, ef tilefni þykir til.

Vinnuhópurinn hittist tíu sinnum og fékk fjölmarga gesti til sín (*sjá fylgiskjal 2, yfirlit yfir gesti vinnuhópsins*). Vinnuhópurinn skoðaði vel fyrirliggjandi skýrslur um málefni barna af erlendum uppruna og var sérstaklega litið til þeirra vinnu sem starfshópur í Breiðholti vann um skólagöngu og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti.¹

Börn af erlendum uppruna

Það er stefna Reykjavíkurborgar að börn af erlendum uppruna geti nýtt sér íslenskt skólakerfi til jafns við önnur börn. Að mati vinnuhópsins teljast börn af erlendum uppruna:

- þau sem hafa fæðst erlendis,
- þau sem eiga foreldra sem eru af erlendum uppruna eða
- þau sem hafa dvalist langdvölum erlendis.

Nemendum með annað tungumál en íslensku hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár. Í leikskólum í Efra-Breiðholti eru 28% barna af erlendum uppruna og í Austurbæjarskóla og Fellaskóla eru 23% nemenda af erlendum uppruna.² Í ljósi þessa nýja umhverfis telur menntaráð brýnt að mótuð sé skýrari stefna í málefnum barna af erlendum uppruna.

¹ Greinargerð og tillögur starfshóps um skólagöngu og frístundir barna af erlendum uppruna í Breiðholti. Reykjavík, október 2006.

² Samkvæmt tölulegum upplýsingum frá Hagstofu Íslands (01.09.2006). Nánari tölulegar upplýsingar um börn af erlendum uppruna má finna í fylgiskjali 3.

Tillögum vinnuhópsins er skipt í þrennt:

- Móttaka og innritun
- Íslensku- og móðurmálskennsla
- Gagnkvæm aðlögun

Móttaka og innritun

1. Allir grunnskólar Reykjavíkurborgar geri sér **móttökuáætlun**. Brýnt er að móttökuáætlun verði sýnileg og hluti af skólanámsskrá hvers skóla. Fræðslustjóra Menntasviðs falið að gera drög að móttökuáætlun sem grunnskólar Reykjavíkurborgar aðlaga að sínum aðstæðum.
2. Fjölga þarf **fagráðgjöfum sem hafa sérþekkingu á málefnum innflytjenda**. Vinnuhópurinn telur mikilvægt að a.m.k. einn fagráðgjafi sinni sérstaklega Breiðholti, þar sem hlutfall innflytjenda er hátt í þessum borgarhluta.
3. Ávallt skal boðið upp á **túlkþjónustu** þegar barn af erlendum uppruna er innritað í grunnskóla í Reykjavíkurborg. Við innritun ber skólastjórnanda að upplýsa foreldra barnsins um þá þjónustu sem er í boði í hverfinu. Einnig skal það tryggt að forráðamenn barnsins séu boðaðir á fund með helstu sérfræðingum í nærsamfélaginu með það að markmiði að fara yfir réttindi og skyldur.
4. **Skýrari verklagsreglur** um innritun barna af erlendum uppruna í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Foreldrar og börn eiga val um skólasetu í grunnskólum Reykjavíkur án tillits til búsetu, jafnframt eiga öll börn rétt á því að sækja sinn hverfisskóla. Verkferla á þessu sviði þarf að skerpa og kynna nánar skólastjórnendum.
5. Uppfæra bækling Menntasviðs frá árinu 2003 sem ber heitið: „**Innritun og móttaka erlendra barna í grunnskóla Reykjavíkur**“. Stefnt skal að því að uppfærður bæklingur sé tilbúinn fyrir haustið 2007.
6. **Kynningarefni** um starfsemi grunnskóla Reykjavíkur skal vera til á algengustu tungumálum barna af erlendum uppruna. Skólastjórnanda ber að afhenda kynningarefnið til foreldra barns af erlendum uppruna áður en skólaganga hefst. Uppfæra og endurbæta skal Upplýsingabækling menntasviðs frá árinu 2003 um sama efni. Stefnt skal að því að uppfærður bæklingur sé komið í gagnið haustið 2007. Upplýsingakerfið Mentor verði hvatt til að hafa upplýsingar á fleiri tungumálum.
7. **Námskeið um íslenskt skólakerfi**. Haldið skal námskeið með aðkomu einnar þjónustumiðstöðvar í samvinnu við skóla og heildarsamtök foreldrafélaga um íslenskt skólakerfi fyrir forelda barna af erlendum uppruna.

Íslensku- og móðurmálskennsla eflid

1. **Tungumálaver í Laugalækjarskóla** verði nýtt ennfrekar til að efla móðurmálskennslu.³ Stefnt skal að því að móðurmálsnám verði metið sem valgrein. Þetta gæti verið kjörið samstarfsverkefni sveitafélaganna og ríkis. Stofnaður verður vinnuhópur sem ætlað er að gera tillögur um leiðir til að efla starfsemi tungumálaversins.⁴
2. **Teymi farkennara** sem tala nokkur af algengustu tungumálunum sem töluð eru af nemendum í grunnskólum Reykjavíkur verði sett á fót. Teymið þjónar grunnskólum í Reykjavík.⁵ Farkennarateyminu komið á laggirnar í samvinnu við Kennaraháskóla Íslands.⁶
3. **Aðstoð við heimanám.** Eldri nemendur í grunnskóla eða framhaldsskólanemar liðsinni yngri nemendum við heimanám undir verkstjórn kennara og fái á móti verkefnið metið til námseininga. Þegar er vísir að slíku samstarfi á höfuðborgarsvæðinu.⁷ Komið verði á samstarfi við framhaldsskóla í þessum tilgangi.
4. **Námsefni til íslenskukennslu og almenna námsefnisgerð þarf að skoða með fjölmenningu í huga.** Allt námsefni þarf að gera aðgengilegra fyrir nemendur af erlendum uppruna. Huga þarf betur að framsetningu námsefnis í öllum námsgreinum. Útdrættir á einföldu máli, myndmáli og önnur framsetning skiptir miklu máli þegar nýtt námsefni er unnið. Hafnar verða viðræður við Námsgagnastofnun með ofangreint að leiðarljósi.
5. **Nauðsynlegt er að meta íslenskukunnáttu** barna af erlendum uppruna með markvissari hætti. Leitað verði samstarfs við Námsmatsstofnun og aðra sérfræðinga um gerð matsgagna sem meta íslenskukunnáttu barna af erlendum uppruna.⁸
6. **Símenntun starfsfólks skólasamfélagsins taki mið af fjölmennningarlegu samfélagi Reykjavíkurborgar.** Boðið verði upp á námskeið fyrir starfsfólk skólasamfélagsins sem hafa áhuga á að öðlast fjölmennningarlega þekkingu. Leitað verður eftir samstarfi við Kennaraháskóla Íslands. Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða býður upp á smiðju í fjölmennningarlegri kennslu. Starfsfólk skólasamfélagsins er hvatt til að kynna sér þessa smiðju.

³ Sýnt hefur verið fram á að börn sem viðhalda og þróa móðurmál sitt eigi auðveldara með að tileinka sér annað tungumál (sbr. Aðalnámskrá grunnskóla og reglugerð um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku nr. 391/1996). Sbr. rannsókn Björk Helle Larsen, 2006, Erlendir kennarar á Íslandi.

⁴ Skoða samstarfsverkefni Alþjóðahúss og tungumálavers Laugalækjarskóla. Hugað verði að gera þetta á landsvísu.

⁵ Reynslan hefur sýnt að ef börn af erlendum uppruna hafa jafnan aðgang að kennara sem talar móðurmál þeirra, þá reynist aðlögunin betri að íslensku samfélagi. Sbr. reynslu Fellaskóla.

⁶ Vísa í tillögur Alþjóðahúss sem sendar voru til skoðunar við endurskoðun grunnskólalög.

⁷ Erfitt getur reynst fyrir foreldra barna af erlendum uppruna að liðsinna börnum sínum við heimanám og því gæti reglubundin aðstoð við heimanám skipt sköpum fyrir nemendur af erlendum uppruna og myndað jákvæð samfélagsleg tengsl.

⁸ Breiðholtshópurinn kynnti samskonar tillögu.

Gagnkvæm aðlögun

1. **Foreldrafélög verði hvött til að taka þátt í gagnkvæmri aðlögun.**
Foreldrafélög eru hvött til að virkja ennfrekar foreldra barna af erlendum uppruna til að taka þátt í foreldrasamstarfi.
2. **Vinafjölskylda.** Stuðla ber að því að koma á laggirnar vinafjölskyldum fyrir fjölskyldur barna af erlendum uppruna.⁹

Lokaorð:

Vinnuhópurinn gerir sér grein fyrir að það er engin ein leið sem stuðlar að farsælli aðlögun barna af erlendum uppruna. Það er von vinnuhópsins að tillögur hans megi þó verða til þess að stuðla að enn betri aðlögun og virkni þessara barna í íslensku skólasamfélagi.

Tillögur vinnuhópsins eru af ýmsum toga og til að fylgja eftir framkvæmd þeirra mun vinnuhópurinn hittast tvisvar á ári næstu þrjú árin. Fræðslustjóra er falið að kalla vinnuhópinn saman og greina frá framgangi þessa málaflokks í grunnskólum Reykjavíkur.

⁹ Þjónustumiðstöðvar gætu séð um framkvæmdina í samvinnu við SAMFOK og grunnskóla Reykjavíkur.